

ÁRSSKÝRSLA
FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS
2011



Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins 2011

Útgefandi:

Fjármálaeftirlitið

Höfðatúni 2

105 Reykjavík

Sími 520 3700 / Símbraf 520 3727

Tölvupóstur: fme@fme.is

Veffang: www.fme.is

Ritstjórn:

Ragnar Hafliðason, Sigurður G. Valgeirsson

og Þorsteinn E. Marinósson

Hönnun & umbrot:

ENNEMM

Ljósmyndir:

Ragnar Th. · Arctic Images

Mynd á kápu: Steini Leifs

Prentun:

Prentmet

Efnisyfirlit

1	Starfsemi Fjármálaeftirlitsins	7
	1.1 Yfirlit forstjóra	7
	1.2 Nýtt húsnæði og starfsmannamál	9
	1.3 Rekstur og fjármál	10
2	Þróun á mörkuðum	15
	2.1 Lánamarkaður	15
	2.2 Verðbréfamarkaður	17
	2.3 Lífeyrismarkaður og verðbréfasjóðir	21
	2.4 Vátryggingamarkaður	27
3	Horft fram á veginn	31
	3.1 Innleiðing stefnu	31
	3.2 Framtíð og helstu markmið	31
4	Eftirlitsskyldir aðilar	32
	4.1 Fjöldi eftirlitsskyldra aðila 30.06. 2011	32
	4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi	32
5	Helstu upplýsingar úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins	33



Efni ársskýrslunnar

Efnisumfjöllun ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins (FME) 2011 tekur í meginatriðum til tíma-
bilsins frá 1. júlí 2010 til 30. júní 2011. Í skýrslunni er sagt frá helstu verkefnum á þessu
tímabili. Ennfremur er fjallað um stöðu og horfur á lánamarkaði, verðbréfamarkaði,
lífeyris- og verðbréfasjóðamarkaði og váttryggingamarkaði. Skýrt er frá innleiðingu stefnu
Fjármálaeftirlitsins og helstu markmiðum stofnunarinnar. Í sérstökum rammagreinum er
meðal annars sagt frá rannsóknum Fjármálaeftirlitsins, innlendu og erlendu samstarfi, og
breytingu á innri starfsháttum Fjármálaeftirlitsins.

Í ársskýrslunni er að finna yfirlitstöflu yfir fjölda eftirlitsskyldra aðila á miðju árinu
2011 og helstu upplýsingar eru birtar úr ársreikningi eftirlitsins fyrir árið 2010. Útdráttur
úr ársskýrslunni verður sem fyrr birtur á ensku en báðar útgáfurnar eru aðgengilegar á
heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Þar er einnig að finna margvíslegar upplýsingar
er varða fjármálamarkaðinn og fyrirkomulag opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

Stjórn og stjórnendur Fjármálaeftirlitsins

Yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins er í höndum þriggja manna stjórnar. Hlutverk hennar er að
móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meiri háttar
ákvarðanir skal bera undir stjórnina til samþykktar eða synjunar. Stjórnin ræður forstjóra sem
fer með daglega stjórnun eftirlitsins. Í stjórn sitja eftirfarandi í nóvember 2011: Aðalsteinn
Leifsson, lektor, formaður stjórnar (frá 1. júní 2011), Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dósent,
varaformaður stjórnar (frá 1. júní 2011) og Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri,
(frá 1. janúar 2011) tilnefndur af Seðlabanka Íslands.

Varamenn eru Halldór S. Magnússon, framkvæmdastjóri (frá 1. janúar 2011), Sigurður
Þórðarson, endurskoðandi og Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri (til 31. október 2011),
tilnefndur af Seðlabanka Íslands.

Á tímabilinu frá 1. júní 2010 til október 2011 hafa auk framangreindra setið í stjórn
Fjármálaeftirlitsins: Lilja Ólafsdóttir, hdl, sem var formaður stjórnar frá 26. febrúar 2010 til
31. maí 2011, Kristín Haraldsdóttir, lögfræðingur, LLM, sem sat í stjórn frá 5. febrúar 2009
til 31. maí 2011 og Jón Þ. Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri, sem sat í stjórn frá 5. febrúar
2009 til 31. desember 2010.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins

Gunnar Þ. Andersen

Aðstoðarforstjóri

Ragnar Hafliðason

Framkvæmdastjórnar sviða

Lánasvið

Guðmundur Jónsson

Upplýsingatæknisvið

Jón Andri Sigurðarson

Lífeyris- og verðbréfasjóðasvið

Halldóra E. Ólafsdóttir

Váttryggingasvið

Rúnar Guðmundsson

Rekstrarsvið

Ingibjörg S. Stefánsdóttir

Verðbréfasvið

Guðrún Jónsdóttir

Réttarreikningskilasvið

María Rúriksdóttir

Yfirlögfræðingur

Unnur Gunnarsdóttir



Rannsóknir Fjármálaeftirlitsins

Strax í kjölfar fjármálahrunsins haustið 2008 réð Fjármálaeftirlitið sérfræðinga til að rannsaka viðskipti á verðbréfamarkaði og starfsemi fjármálastofnana í aðdraganda hrunsins. Þegar frá leið varð ljóst að rannsóknirnar yrðu mun umfangsmeiri en í fyrstu var álitnið og setti Fjármálaeftirlitið því á laggirnar tvo rannsóknarhópa. Í dag starfa 17 einstaklingar í rannsóknarhópunum, bæði sérfræðingar í fjármálum og lögfræðingar. Rannsóknir eru gerðar á viðskiptum þriggja stærstu bankanna í aðdraganda hrunsins auk þess sem viðskipti annarra fjármálafyrirtækja, fjárfestingarfélaga og einstaklinga eru skoðuð. Rannsóknarhóparnir hafa byggt upp mikla sérþekkingu innan Fjármálaeftirlitsins á rannsóknum á ýmsum málaflokkum.

Rannsóknarhópar Fjármálaeftirlitsins eiga náið samstarf við embætti sérstaks saksóknara (ESS) sem var stofnað í kjölfar bankahrunsins. Fjármálaeftirlitið hefur frá upphafi opnað 169 rannsóknarmál sem tengjast fjármálahruninu og búast má við að talsvert fleiri verði stofnuð á næsta ári. Rannsóknum 124 mála er nú lokið og af þeim hafa 75 mál verið send áfram til ESS til frekari rannsóknar og 44 málum hefur verið lokið hjá Fjármálaeftirlitinu án frekari aðgerða. Nokkrum rannsóknum lauk með öðrum hætti svo sem stjórnvaldssektum. Þau mál sem hefur verið vísað til ESS ná yfir alla flokka meintra fjármálaglæpa, meðal annars markaðsmisnotkun, umboðssvik, innherjasvik, ranga upplýsingagjöf, fjárdrátt, falsanir, bókhaldssvik, þjófnað, peningaþvætti og fjársvik. Margar rannsóknir ná yfir landamæri og rannsóknarhópar vinna með systurstofnunum Fjármálaeftirlitsins á alþjóðavettvangi, bæði í gegnum samkomulag um samstarf í gegnum ESMA, Eftirlitsstofnun ESB á verðbréfamarkaði, og IOSCO, Alþjóðasamtök verðbréfaeftirlita, sem og tvíhliða samkomulag við aðra stofnanir.

1. Starfsemi Fjármálaeftirlitsins

1.1 Yfirlit forstjóra

Í upphafi tímabilsins sem þessi ársskýrsla nær til höfðu Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands nýlega sent fjármála fyrirtækjum tilmæli vegna gengistryggingar-ákvæða í lánasamningum. Í tilmælunum var því beint til fjármála fyrirtækja að í stað gengistryggingar og erlends vaxtaviðmiðs skyldi miða við vexti sem Seðlabanki ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum eða, ef verðtrygging er valin, lægstu vöxtum á nýjum almennum verðtryggðum útlánnum sem beitt er þegar óvissa ríkir um lánakjör.

Tilmæli þessi voru talsvert gagnrýnd þegar þau komu fram en reyndust í góðu samræmi við niðurstöðu dóms Hæstaréttar sem féll nokkru síðar. Hefði dómurinn fallið á þann veg að gengistryggð lán væru með öllu óheimil

og að endurútreikningurinn byggði á erlendum vöxtum hefði það ógnað fjármálastöðugleikanum og höggið á fjármála fyrirtækin hefði orðið allt að 350 milljarðar.

Fjármálaeftirlitið lagði mikla vinnu í að skoða og greina þessi lán. Í því fólst meðal annars að flokka gengistryggð lán í sjö flokka samkvæmt eðli þeirra og eftir tegundum lánaflokka. Þetta var gert í samstarfi við lögmansstofu sem mat líkur á lögmæti hvers flokks og hefur þetta mat staðist tímans tönn. Verkefnið var mjög stórt og þurfti að ráðstafa tíma stórs hluta starfsmanna Fjármálaeftirlitsins í það auk þess sem fengin var utanaðkomandi aðstoð bæði frá lögmansstofu og ráðgjafar fyrirtækinu Oliver Wyman. Stóð vinnan frá júlí 2010 og fram á haustið.

Síðari hluta ársins 2010 fór af stað ferli eigin mats fjármála fyrirtækis á eiginfjárförf (Internal Capital Adequacy Assessment Process/ICAAP) hjá Arion banka, Íslandsbanka og Landsbankanum. ICAAP ferlið snýr að áhættustýringarferlum og stjórnunarháttum bankanna. Það byggist á tveimur jafnmikilvægum þáttum; viðskiptastefnu, sem er áætlun sem tryggir langtíma arðsemi fyrirtækisins og áhættustefnu, sem er áætlun sem tilgreinir og takmarkar þá áhættu sem fólgin er í viðskiptaáætlun. Viðskiptaáætlun á að fela í sér ítarlega lýsingu á báðum þessum þáttum. Könnunar- og matsferli Fjármálaeftirlitsins (Supervisory Review and Evaluation Process/SREP) beinist að því að leggja mat á samræmi og gæði viðskiptaáætlunar sem mælikvarða á styrk bankans. Viðskipta- og áhættustefna bankans er metin í SREP ferlinu og einnig fjárhagslegur styrkur og eiginfjárförf og enn fremur stjórnunarhættir, rekstrar- og eftirlitsferli.

Í ársbyrjun 2011 var undirritaður nýr samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands. Samstarfssamningurinn kveður á um mun nánara samstarf en verið hafði. Þar er lögð áhersla á að til að fjármálakerfi í landinu sé heilbrigt, virkt og öruggt þurfi að skilgreina með skýrum hætti ábyrgð hvorrar stofnunar og verkaskiptingu þeirra á milli. Samkvæmt samningnum halda forstjóri Fjármálaeftirlitsins og seðlabankastjóri fundi að minnsta kosti tvisvar á ári, ásamt helstu sérfræðingum beggja stofnana, þar sem lagt er mat á kerfislega áhættu í íslenska fjármálakerfinu. Markmið samningsins er að stuðla að heilbrigðu, virku og öruggu fjármálakerfi í landinu, þar með talið greiðslu- og uppgjörskerfum. Í samræmi við samninginn voru meðal annars stofnaðir fjórir áhættuhópar á sviði gjaldeyrismála, lausafjár, þjóðhagsvarúðar og greiðslumiðlunar.

Hinn 1. janúar 2011 tóku til starfa nýjar eftirlitsstofnanir innan Evrópusambandsins. Þetta eru stofnanirnar EBA, ESMA og EIOPA en þær tóku við af ráðgefandi samstarfsnefndunum CEBS, CEIOPS og CESR. Fjármálaeftirlitið er virkur þátttakandi í eftirliti þessara stofnana.



Hinar nýju eftirlitsstofnanir hafa annað hlutverk en forverar þeirra. Nefndirnar sem áður störfuðu voru ráðgefandi en stofnanirnar sem við tóku eru eftirlitsstofnanir í orðsins fyllstu merkingu með víðtæk völd.

Þriggja manna ráðgjafarnefnd var stofnuð í upphafi árs 2010 til að meta hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingafélaga, váttryggingamiðlana og lífeyrissjóða. Í henni sitja sérfróðir aðilar, einn þeirra er starfsmaður Fjármálaeftirlitsins en tveir eru ráðnir sérstaklega til að sinna þessu verki. Nefndin metur hæfi og hæfni stjórnarmanna og er sú umsögn höfð til hliðsjónar við ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um hæfið. Fjármálaeftirlitið ákveður með tilliti til umfangs á starfsemi viðkomandi eftirlitsskylds aðila, þar á meðal starfsleyfis, reksturs og markaðshlutdeildar, hvort óskað sé eftir umsögn ráðgjafanefndarinnar.

Innlán og eignir Sparisjóðsins í Keflavík voru sem kunnugt er flutt í nýjan Spkef sparisjóð í apríl 2010 sem var að fullu í eigu ríkisins. Spkef var kominn í vandræði í mars 2011 og sameinaðist þá Landsbankanum. Byr féll í apríl 2010 og var settur í biðstöðufélagið Byr hf. Í framhaldi af því tóku við samningaviðræður við kröfuhafa um að breyta skuldum Byrs hf. í hlutafé. Þessar viðræður báru ekki árangur. Sparisjóðurinn var því settur í söluferli og hefur Fjármálaeftirlitið samþykkt samruna Byrs hf. við Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlitið veitti nb.is sparisjóði hf. (nú MP banka hf.) starfsleyfi sem viðskiptabanka þann 11. apríl 2011 og sama dag var samþykkt á hluthafafundi í MP banka hf. (nú EA eignarhaldsfélag hf.) að selja almennan bankarekstur MP banka á Íslandi og starfsemi í Litháen til nýrra eigenda. Með aðkomu nýrra fjárfesta var bankinn endurfjármagnaður.

Rannsóknarhópur hefur verið starfandi innan Fjármálaeftirlitsins frá því í kjölfar hrunsins 2008. Hópurinn var styrktur í samræmi við fjölgun í liði Sérstaks saksóknara. Þegar þessi orð eru skrifuð hafa 75 mál verið send til Sérstaks saksóknara til frekari rannsóknar og tugum mála hefur verið lokið hjá Fjármálaeftirlitinu án frekari aðgerða.

Um miðjan ágúst 2010 gekk í gildi samkomulag um fjármálastöðugleika milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna. Markmið þess er að tryggja fjármálastöðugleika og samhæfa viðbrögð við fjármálaáfalli sem snertir fleiri en eitt ríki. Með samkomulaginu var komið á fót fyrsta evrópska samstarfshópnum á grundvelli samkomulags ríkja innan EES um samvinnu til að tryggja fjármálastöðugleika yfir landamæri. Samkomulagið er ekki lagalega bindandi en á grundvelli þess verður unnt að efla samvinnu og samhæfa viðbrögð og vinnubrögð þegar hætta steðjar að, meðal annars með betri upplýsingagjöf milli stofnana. Þátttakendur eru fulltrúar fjármálaeftirlita, seðlabanka og fagráðuneyta landanna.

Stefna Fjármálaeftirlitsins var gefin út í tengslum við síðasta ársfund stofnunarinnar. Kjarni hennar eru þrjár stöðir sem eru löghlýðni og heilbrigðir viðskiptahættir, sjálfstæð könnun og mat og fagleg umræða og gagnsæi. Áhersla hefur verið lögð á að vinna að innleiðingu stefnunnar og er um þessar mundir unnið að upplýsingastefnu Fjármálaeftirlitsins sem ætlað er að styrkja faglega umræðu og gagnsæi á vegum stofnunarinnar.

Fjallað er um fjármálamarkaðinn í þessari skýrslu. Mikið var rætt um lánasöfn bankanna á árinu og að því er talið var mikinn hagnað við erfiðar aðstæður. Skuldabréfaútgáfa virðist mögulega vera að glæðast þó að þróunin sé hæg. Hrein eign lífeyrissjóðanna í árslok 2010 nam um 1.910 ma.kr. samanborið við 1.775 ma.kr. í árslok 2009. Milli ára var aukningin 7,6%. Samsvarar það um 5% raunaukningu. Fjárfesting lífeyrissjóða í skuldabréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins hefur aukist mjög mikið á síðustu þremur árum og þá helst á kostnað annarra skuldabréfa og innlána. Á verðbréfamarkaði hefur skuldabréfamarkaður verið óvenju virkur. Miklar og óreglulegar verðbreytingar hafa sett mark sitt á íslenska hlutabréfamarkaðinn allt frá falli bankanna 2008 og verða þær meðal annars raktar til lítils seljanleika á markaði. Talsverðar breytingar hafa orðið á váttryggingamarkaði. Félögin hafa hagrætt í rekstri og nýir eigendur eru að Sjóvá Almennum hf.

Fjármálaeftirlitið hefur átt mikið samstarf við Alþjóða gjaldeyrissjóðinn allt frá því að stjórnvöld ákváðu að leita eftir aðstoð sjóðsins í kjölfar hrunsins. Í mars og apríl á þessu ári gerði erlendur sérfræðingur um bankaeftirlit úttekt á Fjármálaeftirlitinu á grundvelli Grunnreglna um skilvirkt bankaeftirlit (Core Principle for Effective Banking Supervision) en þær samanstanda af 25 stöðlum um lágmarkseftirlit með bankastarfsemi. Tilgangur staðlanna er meðal annars að samræma bankaeftirlit milli landa og gera eftirlitsstofnunum kleift að framkvæma sjálfsmat á starfsemi sinni. Niðurstaða úttektarinnar var að nokkuð vantaði upp á að Fjármálaeftirlitið uppfyllti öll skilyrði staðlanna. Unnin hefur verið aðgerðaáætlun sem spannar rúm tvö ár um hvernig úr því verði bætt.

Fjármálaeftirlitið flutti á nýjan stað í september 2011. Hinar nýju skrifstofur eru á 3. og 4. hæð í turnbyggingunni við Höfðatorg. Byrjað var að huga að flutningum fyrir rúmum fjórum árum en hrúnið frestaði þeim áformum. Niðurstaða náðist því ekki fyrr en sumarið 2011. Nýja húsnæðið hefur staðist væntingar þó að auðvitað séu alltaf einhverjir vankantar í byrjun sem sníða þarf af.

Fjármálaeftirlitið hefur vaxið hratt að undanfögnu og við sem stjórnun stofnuninni erum meðvituð um að starfsemin er fjármögnuð með fé frá eftirlitsskyldum aðilum. Okkur ber skylda til að nýta þá fjármuni á sem bestan hátt. Með það í huga höfum við skoðað mögulegar breytingar á skipulagi með tilliti til þess að skilvirkni verði sem mest í starfseminni. Mikilvægt er að stofnunin sé í kjörstærð með tilliti til þeirra verkefna sem henni ber að sinna og umfangs fjármálamarkaðarins.

Ný verkefni hafa verið að færast til Fjármálaeftirlitsins. Meðal annars er þar um að ræða eftirlit með greiðsluþjónustufyrirtækjum og fjármálafyrirtækjum sem stýrt er af slitastjórnun. Með bættu skipulagi og hentugra húsnæði eru stjórnendur og starfsfólk Fjármálaeftirlitsins bjartsýnt á að vel takist að stuðla að heilbrigðu og traustu íslensku fjármálakerfi.

1.2 Nýtt húsnæði og starfsmannamál

Fjármálaeftirlitið flutti nýverið í húsnæði við Höfðatorg. Þar er lögð áhersla á opin og björt rými auk fyrirmyndar starfsaðstöðu fyrir starfsfólk. Húsnæðið er vel staðsett með hliðsjón af starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Þá fylgja því margvíslegar endurbætur varðandi öryggi og aðbúnað.

Starfsfólki Fjármálaeftirlitsins hefur fjölgað undanfarið ár eins og árin á undan. Um mitt ár 2011 voru starfsmenn 103 en voru 93 um mitt ár 2010. Í árslok er gert ráð fyrir að starfsmenn verði 117. Fjölgun starfsmanna hefur orðið víða innan Fjármálaeftirlitsins, meðal annars á sviði upplýsingatækni, við bankaeftirlit og áhættugreiningu og við uppbyggingu eftirlits með verðbréfamarkaði.

Gert er ráð fyrir að starfsemi Fjármálaeftirlitsins nái hámarki árið 2012 vegna umbóta- og uppbyggingarverkefna og vegna rannsóknarvinnu. Síðan er gert ráð fyrir fækkun starfsfólks. Eins og sjá má á töflu á næstu síðu er viðbótarpörf á næsta ári áætluð 26 starfsmenn en síðan er gert ráð fyrir að starfsmönnum fækki á árunum 2013 til 2015 þannig að fjöldi starfsmanna verði um eitt hundrað í árslok 2015.

	Núverandi fjöldi	Viðbótarþörf	Áætluð fækkun 2013	Áætluð fækkun 2014	Áætluð fækkun 2015
Regluleg verkefni	100				
Uppbyggingarverkefni	0	9			9
Rannsóknir	17		17		
Ný verkefni	0	8		4	
Umbótaverkefni	0	9		9	
Samtals	117	26	17	13	9

Vel hefur gengið að ráða fólk með fjölbreytta og mikla reynslu sem og yngri starfsmenn. Fjöldi umsókna um hvert starf er einnig mikill sem gefur til kynna að Fjármálaeftirlitið sé nú talinn áhugaverður vinnustaður.

Árið 2010 var hæfnimiðuð frammistöðustjórnun innleidd hjá Fjármálaeftirlitinu með það að markmiði að bæta árangur eftirlitsins með markvissri þróun starfsmanna. Hæfni sem talin er nauðsynleg fyrir árangur í hverju starfi er greind, frammistaða starfsmanna metin út frá þessum hæfnisþáttum, markmið sett og frammistöðu stjórnað út frá þeim markmiðum sem sett eru. Símenntunar- og starfsþróunarmál hafa jafnframt verið endurskoðuð og eflað í samræmi við þær áherslur sem koma fram í frammistöðusamtölum og stefnu Fjármálaeftirlitsins. Með þessari aðferð hefur tekist að gera mannauðsstjórnun stofnunarinnar heildstæðari og hæfnimiðaða, allt frá nýráðningu til frammistöðustjórnunar.

1.3 Rekstur og fjármál

Við ákvörðun um hlutfallsskiptingu kostnaðar við rekstur Fjármálaeftirlitsins milli eftirlitsskyldra aðila er höfð hliðsjón af skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila á undangengnu þriggja ára tímabili. Eftirfarandi tafla sýnir skiptinguna á árunum 2009 og 2010:

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli flokka eftirlitsskyldra aðila *)	2009 %	2010 %
Lánastofnanir	55,7	57,7
Vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar	11,9	11,9
Lífeyrissjóðir	16,1	14,0
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	7,1	7,6
Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir	0,9	2,6
Útgefendur hluta- og skuldabréfa	5,6	4,2
Ýmsir aðilar	2,7	2,0
	100	100

*) Vinna við rannsóknir á föllum fjármálafyrirtækjum er ekki meðtalin í þessari flokkun.

Tímaskráning Fjármálaeftirlitsins sýnir einnig sundurgreiningu á tegundir verkefna eða viðfangsefni. Slík skipting ráðstöfunartímans sýnir eftirgreint vegna árána 2009 og 2010:

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli helstu verkefna	2009 %	2010 %
Eftirlitsverkefni	67,7	69,9
viðvarandi fjárhagslegt eftirlit (e. off-site)	25,3	25,1
vettvangsathuganir (e. on-site)	2,6	3,0
önnur eftirlitsmál	39,9	41,8
Reglusetning	4,0	3,3
Almennur rekstur	23,4	22,9
Erlent samstarf/samskipti	4,8	3,9
	100	100

Með viðvarandi fjárhagslegu eftirliti er átt við athuganir, vöktun og markaðsvakt af ýmsum toga sem að mestu byggist á reglubundinni upplýsingasöfnun eða skýrsluskilum til Fjármálaeftirlitsins. Einnig falla þarna undir ýmsar sértækar skoðanir er varða starfsemi, viðskiptahætti og starfsreglur eftirlitsskyldra aðila. Með vettvangsathugunum er átt við eftirlitsverkefni sem hafin eru með sérstökum eftirlitsheimsóknum. Undir liðinn önnur eftirlitsmál í töflunni fellur svo vinna við ýmsar leyfisveitingar, hæfismöt, viðurlagamál, upplýsingamiðlun, fyrirspurnir og fleira. Þar undir fellur einnig að mestu vinna við rannsóknir tengdar bankahruninu. Með almennum rekstri er átt við vinnu við mála- og skjalastjórnunarkerfi stofnunarinnar, tölvu- og upplýsingatækni, starfsmannamál, fræðslumál og annað sem lýtur að reglubundnum rekstri og skrifstofuhaldi.

Rekstur á árinu 2010 og áætlaður rekstur á árinu 2011

Á árinu 2010 námu gjöld Fjármálaeftirlitsins að meðtöldum eignakaupum alls 1.220,6 m.kr. en tekjur að meðtöldum fjármunatekjum alls 1.274,7 m.kr. Þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 1.143,2 m.kr. Á árinu 2010 varð því 54,1 m.kr. tekjuafgangur af rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meðtalið í framangreindu eru ekki 12,7 m.kr. gjöld og tekjur vegna úrskurðarnefnda, sem vístaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu. Eigið fé í árslok 2010 var 242,9 m.kr. en í ársbyrjun var eigið fé 188,7 m.kr. Eigið fé í lok árs kemur til lækkunar á eftirlitsgjaldi næsta árs.

Samkvæmt endurskoðaðri áætlun stofnunarinnar fyrir árið 2011 er gert ráð fyrir að gjöld án úrskurðarnefnda verði alls 1.843,1 m.kr. Áætlað er að tekjur að meðtöldum vaxtatekjum á árinu verði alls 1.638,5 m.kr. en þar af verði tekjur af eftirlitsgjaldi alls 1.632,0 m.kr. Áætlaður tekjuhali á árinu er því 204,6 m.kr. Að teknu tilliti til 242,9 m.kr. eigin fjár í ársbyrjun er því gert ráð fyrir að eigið fé stofnunarinnar verði jákvætt um 38,3 m.kr. í árslok 2011.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er tekið tillit til áætlaðs rekstrarafgangs eða rekstartaps við ákvörðun eftirlitsgjalds næsta árs þegar rekstraráætlun stofnunarinnar er unnin. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að mynda varasjóð innan ákveðinna marka samkvæmt lögum. Mikið umrót í rekstrarumhverfi stofnunarinnar í kjölfar bankahrunsins ásamt endurskipulagningu og styrkingu á starfsemi Fjármálaeftirlitsins á undanförunum misserum hefur leitt til nokkurra frávíka frá rekstraráætlunum. Þess er vænst að rekstur stofnunarinnar falli í fastari skorður á komandi misserum.

Rekstraráætlanir Fjármálaeftirlitsins og samanburður við rauntölur og fyrri ár eru fylgiskjöl með árlegum frumvörpum viðskiptaráðherra til breytinga á lögum nr. 99/1999 vegna álagningar eftirlitsgjalds. Helstu atriði úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2010 eru sýnd í 5. kafla skýrslunnar en ársreikningurinn er birtur í heild á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.



Innlent og erlent samstarf

Samstarf, bæði á innlendum og erlendum vettvangi, er Fjármálaeftirlitinu afar mikilvægt. Í ársbyrjun 2011 var undirritaður nýr samstarfssamningur við Seðlabanka Íslands sem er mun markvissari en fyrri samningur. Markmið samningsins er að stuðla að heilbrigðu, virku og öruggu fjármálakerfi í landinu, þar með talið greiðslu- og uppgjörskerfum.

Í samningnum er lögð áhersla á að skilgreina með skýrum hætti ábyrgð hvorrar stofnunar um sig og verkaskiptingu þeirra á milli. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands vinni náið saman að skilgreindum verkefnum og að öflun og miðlun upplýsinga frá fjármálafyrirtækjum og milli stofnananna sé markviss. Ennfremur að greining á stöðugleika dragi upp skýra mynd af styrkleika og veikleika fjármálafyrirtækja og getu þeirra til að bregðast við breytingum í hinu þjóðhagslega umhverfi og á innlendum sem erlendum mörkuðum.

Meðal helstu nýmæla í samningnum er að forstjóri Fjármálaeftirlitsins og seðlabankastjóri halda fundi að minnsta kosti tvisvar á ári ásamt helstu sérfræðingum beggja stofnana þar sem lagt er mat á kerfislega áhættu í íslenska fjármálakerfinu. Dagskrá fundanna spannar meðal annars þjóðhagslega þætti, áhættur í starfsemi fjármálafyrirtækja, samspil áhættuþátta, bæði innan fjármálakerfisins og milli þess og þjóðarbúsins, stöðu greiðslukerfa, lög og reglur um fjármálastarfsemi og endurbætur á viðlagaáætlunum.

Með virkri þátttöku í alþjóðlegu samstarfi öðlast starfsmenn Fjármálaeftirlitsins besta mögulegan skilning á undirstöðum alþjóðlegra reglna. Fjármálaeftirlitið hefur með þessu móti einnig möguleika á að hafa áhrif á þróun regluverks á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlit um allan heim er í mikilli deiglu í kjölfar alþjóðlegru efnahagskreppunnar. Evrópska eftirlitskerfið hefur meðal annars tekið gagngerum breytingum. Stofnað hefur verið European Systemic Risk Board (ESRB) sem ber ábyrgð á þjóðhagsvarúðarþáttum. Ráðinu er ætlað að gefa ráð og móta tillögur varðandi kerfisáhættu.

Þrjár óháðar eftirlitsstofnanir hafa leyst af hólmi þær nefndir sem áður voru starfandi innan Evrópusambandsins. Þessar stofnanir hafa völd sem ná yfir landamæri. Meginábyrgð varðandi daglegt eftirlit mun eftir sem áður vera í höndum eftirlitsaðila í hverju landi. Á næstum öllum sviðum eftirlits er unnið að breytingum á reglum sem verður framfylgt af eftirlitsaðilum í hverju landi. Yfirgripsmikil samræming á sér stað hvað varðar eftirlitsaðferðir og skýrslugjöf til yfirvaldanna. Ný upplýsingakerfi verða einnig þróuð til að safna og skiptast á markaðsupplýsingum. Þessar endurbætur á alþjóðlegu regluverki og samstarfi gera auknar kröfur hvað varðar mannafla og hæfni hjá Fjármálaeftirlitinu. Fjármálaeftirlitið hefur áfram fastan áheyrnarfulltrúa í nýju eftirlitsstofnununum, þ.e. hjá EBA, sem annast bankaeftirlit, EIOPA, sem sér um eftirlit á sviði vátrygginga, og ESMA, sem annast eftirlit á verðbréfamarkaði.



Breyting á innri starfsháttum

Innri starfsemi Fjármálaeftirlitsins hefur verið í talsverðri mótun undanfarin ár sem eðlilegt er í ljósi mikillar stækkunar stofnunarinnar. Fjöldi starfsmanna meira en þrefaldaðist á árabílinu 2005 til 2011.

Helstu ögranir sem Fjármálaeftirlitið stendur frammi fyrir varðandi uppbyggingu stofnunarinnar eru að auka skilvirkni með því að treysta ferla, vinnulag og verkstjórn og gera stýringu mannauðs og fjármuna sem markvissasta. Ennfremur þarf stofnunin að auka sérhæfingu og dýpka greiningargetu. Eðlilega eru gerðar ríkar kröfur til Fjármálaeftirlitsins um vandaða stjórnsýslu og hún er einnig mikilvæg í þeim átökum sem óhjákvæmilega verða vegna margvíslegra ákvarðana sem teknar eru af stofnuninni. Þá er Fjármálaeftirlitinu mikilvægt að treysta ímynd stofnunarinnar og trúverðugleika gagnvart eftirlitsskyldum aðilum.

Ráðist var í skipulagsvinnu innan Fjármálaeftirlitsins um miðjan október síðastliðinn. Hún fór þannig fram að hópur stjórnenda og starfsmanna Fjármálaeftirlitsins fór yfir starfið með aðstoð ráðgjafa. Hlutverk og framtíðarsýn voru skilgreind sem grunnur að markmiðum og valkostir voru skoðaðir. Tilgangurinn var að gera starfsemina enn skilvirkari með því að móta framtíðaráherslur og innleiða breytingar í samræmi við þær. Þessari vinnu er ekki enn lokið en niðurstöðu hennar má vænta á næstu mánuðum.

2. Þróun á mörkuðum


2.1 Lánamarkaður

Stærð bankakerfisins

Heildareignir íslenskra lánastofnana, það er viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja, hafa dregist saman í kjölfar þeirra áfalla sem dundu yfir íslenskt efnahagslíf haustið 2008. Í lok árs 2008 voru heildareignir lánastofnana rúmir 5.000 ma.kr en um mitt ár 2011 voru heildareignir þeirra um 3.900 ma.kr.

Mynd 1

Þróun heildareigna starfandi lánastofnana auk Íbúðalánasjóðs frá lok árs 2008




Sjá má að eignir stóru viðskiptabankanna þriggja, Arion banka hf., Íslandsbanka hf. og Landsbankans hf. hafa aukist lítillega yfir tímabilið á meðan eignir annarra viðskiptabanka, sparisjóða og lánafyrirtækja hafa dregist verulega saman. Skýringuna má rekja til þess að stórar lánastofnanir voru teknar yfir af Fjármálaeftirlitinu á árunum 2009 og 2010. Má þar til dæmis nefna Straum hf., Sparisjóðabankann hf., SPRON hf., Frjálsa fjárfestingarbankann hf., VBS fjárfestingabanka hf., Askar hf. og Avant hf. Á árinu 2010 var Byr sparisjóður tekinn yfir og voru innstæður fluttar inn í nýjan viðskiptabanka, BYR hf. Auk þess var SpKef sparisjóður sameinaður Landsbankanum á fyrsta ársfjórðungi 2011. Fyrirséð er að frekari breytingar verða á rekstri lánastofnana m.a. með sameiningum. Má þar til dæmis nefna að um mitt ár 2011 var ekki búið að ganga formlega frá samruna móðurfélags Landsbankans við lánafyrirtækin SP-fjármögnun og Avant auk þess sem Íslandsbanki hefur komist að samkomulagi við BYR um sameiningu. Þó að viðskiptabankarnir þrír hafi ekki stækkað verulega á tímabilinu hefur hlutfall þeirra af lánastofnum hækkað úr tæpum 50% í árslok 2008 í 66% um mitt ár 2011. Á sama tíma hefur hlutfall annarra viðskiptabanka og sparisjóðakerfisins farið úr 11% niður í 2%.

Heildareignir viðskiptabankanna fimm, Arion banka, BYR, Íslandsbanka, MP banka og Landsbankans voru um mitt ár 2011 um 70% af heildareignum lánastofnana en 98% af heildareignum innlánsstofnana. Stærð starfandi viðskiptabanka sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, mælt á samstæðugrunni, var um mitt ár 2011 svipuð og hún var á árinu 2003 eða um 180%. Hlutfallið var hæst í árslok 2007 eða 937% af vergri landsframleiðslu.

Mynd 2

Heildareignir viðskiptabanka – fjárhæðir í ma.kr. og sem hlutfall af vergri landsframleiðslu



Árið einkenndist af umræðu um lánasöfn bankanna og að álitu margra miklum hagnaði við erfiðar aðstæður. Fjármálaeftirlitið hefur fylgst náið með framvindu mála í útlánnum bankanna og ekki síst hvort verðmat eigna, sem eru að stærstum hluta útlán, endurspeglir raunvirði þeirra. Þetta var einn af stærstu þáttunum við framkvæmd mats eftirlitsins á eiginfjárförf bankanna sem byggðist á könnunar- og matsferli (SREP). Í því lagði Fjármálaeftirlitið sjálfstætt mat á eiginfjárförf viðskiptabankanna þriggja út frá greiningu á áhættu hvers banka fyrir sig.

Samfara eftirlitsverkefnum fór lánasvið Fjármálaeftirlitsins í gegnum umfangsmikla skoðun og greiningu á skipulagi og framkvæmd eftirlits. Í því sambandi voru hafðir að leiðarljósi staðlar kenndir við Basel um einkenni skilvirks eftirlits (Basel Core Principles for Effective Banking Supervision). Í framhaldi af þeirri vinnu var leitað leiða til að uppfylla kröfur staðlanna. Í því sambandi fékk Fjármálaeftirlitið fjögur evrópsk fjármálaeftirlit til að kynna framkvæmd og tilhögun eftirlits í viðkomandi löndum. Markmiðið er að stofna til samstarfs við eitt erlent fjármálaeftirlit til að auðvelda og hraða þróun og mótun framtíðareftirlits á Íslandi en slíkt verkefni er bæði viðamikil og tímafrekt. Jafnframt er ljóst að starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru tilbúnir að leggja sín lóð á vogaskálarnar til að það nái fram að ganga.

Verkefni sviðsins eru margþætt og fjölbreytt og fjöldi þeirra mikill. Með þeirri fjölgun starfsmanna sviðsins sem hefur orðið undanfarin þrjú ár, en þeim hefur fjölgað úr tíu árið 2008 í 30 árið 2011, hafa opnast ný tækifæri varðandi nálgun og úrlausn verkefna. Það er þó ljóst að 30 starfsmenn verða að gæta vel að forgangsröðun vegna fjölda verkefna. Systurstofnanir á Norðurlöndum glíma við sama vanda þrátt fyrir að þar séu fjármálaeftirlit töluvert stærri (250 – 300 starfsmenn í heild). Í því sambandi má nefna að nýverið var samþykkt aukafjárveiting

til sænska fjármálaeftirlitsins þegar í ljós kom að hluti eftirlitsskyldra aðila kæmi aldrei til sérstakrar skoðunar eftirlitsins miðað við þá fjármuni sem áætlaðir voru til eftirlitsins.

Samhliða mikilli aukningu verkefna síðustu ár hefur lánastofnunum sem heyra undir eftirlit lánasviðs fækkað. Er það tilkomið af ýmsum ástæðum og er fyrirséð að sú þróun muni að einhverju marki halda áfram og m.a. leiða af sér frekari samþjöppun á lánamarkaði. Þó hafa hræringar jafnframt verið í gagnstæða átt en Fjármálaeftirlitið samþykkti í apríl 2011 yfirfærslu á tilgreindum rekstrarhluta MP banka hf. (nú EA fjárfestingarfélag hf.) til nb.is-sparisjóðs hf. (nú MP banka hf.) sem var samtímis veitt starfsleyfi sem viðskiptabanka. Fjármálaeftirlitið, veitti Straumi IB hf. ennfremur, í lok sumars, starfsleyfi sem lánafyrirtæki. Verðbréfafyrirtækjum hefur hins vegar fjölgað en þau voru 13 í lok júní 2011 samanborið við átta tveimur árum fyrr.

Með lagabreytingum sumarið 2010 var gerð skýr krafa um að fjármálafyrirtæki skuli að öllu jöfnu ekki halda á eignarhlutum í óskyldri starfsemi lengur en nauðsyn ber til og er miðað við 12 mánaða tímabil. Jafnframt var Fjármálaeftirlitinu gefin heimild til að framlengja þann tíma að undangengnu mati á hverju tilviki fyrir sig. Þessi breyttu lagaákvæði setja strangari skorður en áður varðandi heimildir fjármálafyrirtækja til að halda á eignarhlutum í óskyldri starfsemi. Töluverð vinna hefur verið unnin í tengslum við upplýsingaöflun og eftirfylgni varðandi tímabundna starfsemi fjármálafyrirtækja. Núverandi eignarhlutur fjármálafyrirtækja í atvinnurekstri er umtalsverður og óæskilegur. Síðustu mánuði hafa viðskiptabankarnir lokið sölumæðferð á nokkuð mörgum fyrirtækjum og unnið að því að koma öðrum í söluhæft ástand.

Skuldabréfaútgáfa hefur verið takmörkuð frá hrúni. Skuldabréfamarkaður hefur einkennst af viðskiptum með ríkisskuldabréf og bréf útgefin af Íbúðalánasjóði. Sá markaður virðist vera að glæðast á ný þótt þróunin sé hæð. Nýverið veitti Fjármálaeftirlitið Íslandsbanka hf. leyfi fyrir útgáfu sértryggðra skuldabréfa og er umsókn fyrir útgáfu sambærilegra skuldabréfa um þessar mundir til afgreiðslu.

Ýmis teikn eru um þróun fram á við hjá fjármálafyrirtækjunum. Þau eru þó enn að vinna úr afleiðingum hrunsins meðal annars að endurskipulagningu útlánasafna. Þá eru reikningsskil fjármálafyrirtækja töluvert mörkuð af þeim atburðum sem urðu 2008 og flutningi lána milli gömlu og nýju bankanna samanber umfang reiknaðra tekna vegna metinnar virðishækkunar útlánasafna.

Fjármálafyrirtæki standa frammi fyrir óvissu sem kann að leiða til mögulegra áfalla. Helstu óvissuþættirnir varða afnám gjaldeyrishafta, umfang framlaga í Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta og áformaðar breytingar á fyrirkomulagi fiskveiðimála. Einnig er ljóst að dómur varðandi lán eða samninga gætu haft frekari áhrif á verðmat lánasafna fjármálafyrirtækja.

2.2 Verðbréfamarkaður

Þróun á verðbréfamarkaði

Frá miðju ári 2010 var hækkun OMXI6 úrvalsvísitölu Nasdaq OMX Iceland stöðug fram á mitt ár 2011 en skörp lækkun varð á þriðja ársfjórðungi. Seljanleiki hefur lítið aukist á tímabilinu. Búist er við átta til tólf nýskráningum og hlutafjárútboðum á næstu átján mánuðum. Skuldabréfamarkaður hefur verið mjög virkur síðastliðið eitt og hálf átt og veður óvenju há ávöxtun skuldabréfa vangaveltur um þenslu á þeim markaði.


Þróun á hlutabréfamarkaði

Skarpar og óreglulegar verðbreytingar hafa sett mark sitt á íslenska hlutabréfamarkaðinn frá bankahruni í október 2008 og eiga þær rætur sínar að rekja til lítils seljanleika á markaði. Á fyrstu fjórum mánuðum 2010 hækkaði OMXI6 úrvalsvísitalan, sem byggð er á sex stærstu félögum Kauphallarinnar að markaðsvirði, um rúm 23% og náði hámarki í lok apríl 2010. Þessi skarpa hækkun vísitölunnar kom að meginstefnu til vegna mikilla hækkana á hlutum þriggja stærstu félaganna. Þannig hækkaði Marel, sem hafði 25% vægi í vísitölunni á þeim tíma, um 50% í verði á tímabilinu. Í fyrrihluta maímánaðar varð skörp lækkun en 25. maí náði vísitalan lággildi ársins 2010 og hækkaði síðan út árið. Árslokagildi vísitölunnar var 933 stig samanborið við 815 í upphafi árs, en það jafngildir um 14,5% hækkun. Þar var um töluverðan viðsnúning að ræða frá árinu á undan en þá lækkaði vísitalan um 19%.

Í árslok 2010 var heildarmarkaðsvirði skráðra bréfa á íslenskum hlutabréfamarkaði 233 ma.kr. (en það jafngildir 15% af VLF) samanborið við 208 ma.kr. árið áður (14% af VLF) og dróst meðaltal mánaðarveltu saman um 50% milli ára, þ.e.a.s. úr 4 ma.kr. á mánuði árið 2009 í 2 ma. árið 2010.

Mynd 3

Þróun úrvalsvísitölu Nasdaq OMX Iceland



Hlutabréfamarkaðurinn fór vel af stað árið 2011 með 7% hækkun á fyrsta ársfjórðungi og náði hágildi ársins í annarri viku marsmánaðar. Icelandair Group og Marel áttu stærstan þátt í hækkuninni en bréf þeirra hækkuðu um 44% og 29%. Á öðrum ársfjórðungi gaf vísitalan eftir um 5% í litlum viðskiptum, en velta júnímánaðar var aðeins 936 m.kr., og hafði ekki verið lægri frá því í júlí árið áður. Um mitt ár höfðu bréf Icelandair Group hækkað um 58% og bréf Marel um 21% á meðan önnur fyrirtæki á markaðnum lækkuðu að lágmarki um 4% hvert.


Þann 30. júní 2011 var heildarmarkaðsvirði skráðra félaga á markaði héraðs 274 ma.kr. (17% af VLF) og var meðaltal veltu í hverjum mánuði yfir fyrri hluta ársins 7 ma.kr. Veltuhæsti mánuðurinn fyrri hluta árs 2011 var marsmánuður með 19 ma.kr. veltu, en það er veltuhæsti mánuðurinn á íslenskum hlutabréfamarkaði frá því í október 2008. Þann 14. júlí 2011 var Sláturfélag Suðurlands skráð á First North og er því heildarfjöldi skráðra félaga á markaði 11, þar af 7 skráð á aðallista Nasdaq OMX Iceland og 4 á First North. Um mitt ár 2011 var Marel hæst íslenskra félaga að markaðsvirði (89 ma.kr.) en Össur fylgdi fast á hæla Marel (88,5 ma.kr.). Á íslenska hlutabréfamarkaðinn eru skráð bréf fjögurra félaga sem hafa annað heimaríki en Ísland, en þau eru Atlantic Airways, Atlantic Petroleum, Bank Nordik og Century Aluminum Company. Markaðsaðilar, sem og greiningaraðilar, spá 8 til 12 nýskráningum á næstu 12 til 18 mánuðum þar á meðal allt að fjórum félögum með markaðsvirði yfir 30 ma.kr. hvert.

Þróun á skuldabréfamarkaði

Þó að velta hafi dregist saman á hlutabréfamarkaði frá hruni í október 2008 á það ekki við um skuldabréfamarkaðinn sem hefur heldur sótt í sig veðrið. Meðalmánaðarvelta árið 2010 var um 237 ma.kr., samanborið við 227 ma.kr. árið 2009, en veltuhæsti mánuður ársins var september 2010 með 487 ma.kr. veltu. Mest viðskipti á árinu voru með óverðtryggð ríkisskuldabréf og nam velta þeirra 1.690 mö.kr. Um áramót var heildarmarkaðsvirði skráðra skuldabréfa 1.721 ma.kr. (112% af VLF). Ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa og íbúðabréfa lækkaði umtalsvert árið 2010, t.d. lækkaði eins árs nafnávöxtunarkrafa um 486 punkta (sbr. OMXI1YNI á línuriti hér neðar). Ávöxtun skráðra skuldabréfa var því veruleg og hækkaði óverðtryggð vísitala til 5 ára, OMXI5YNI, um 22% eða 10% meira en verðtryggð vísitala til 10 ára, OMXI10YI, sem var með næst hæstu ávöxtunina. Frá hruni hefur ársávöxtun allra skuldabréfavísitalna verið töluvert yfir reiknuðu meðaltali árána 2003-2007.


Mynd 4

Þróun ávöxtunarkröfu óverðtryggðra vísitalna Nasdaq OMX Iceland



Mynd 5

Þróun ávöxtunarkröfu verðtryggðra vísitalna Nasdaq OMX Iceland





Athugun á láns- og leigusamningum

Á árinu 2011 hefur Fjármálaeftirlitið haldið áfram athugunum sínum á láns- og eignaleigusamningum tengdum gengi erlendra gjaldmiðla.

Athuganirnar hafa fyrst og fremst beinst að áhrifum dóma og úrskurða dómstóla og breytinga á vaxtalögum, sem orðið hafa frá árinu 2010, á þá aðferðafræði sem Fjármálaeftirlitið beitti við flokkun láns- og eignaleigusamninga við mat sitt sumarið 2010. Athuganirnar hafa leitt í ljós að mat Fjármálaeftirlitsins á líkum á ólögmati einstakra flokka hefur ekki tekið miklum breytingum og eru áhrif breytinganna á verðmæti útlána stærstu fjármálafyrirtækja óveruleg frá matinu sumarið 2010.

Fjármálaeftirlitið telur þó að ákveðnir óvissuþættir standi enn eftir sem tengjast einkum samningsformum og endurútreikningi láns- og eignaleigusamninga tengdum gengi erlendra gjaldmiðla.

Seðlabanki Íslands lækkaði vexti um 25 punkta í 4,25% fyrri hluta árs 2011 en verðbólga var á sama tíma 4,2%, töluvert umfram 2,5% verðbólguþéttum bankans. Vextir voru svo hækkaðir um 25 punkta í 4,5% í ágúst vegna frekari verðbólguvæntinga og hækkuðu aftur um 25 punkta í nóvemberbyrjun. Í febrúar 2011 hóf Nasdaq OMX Iceland að reikna út nýja 10 ára skuldabréfavísitölu fyrir óverðtryggð bréf (OMXI10YNI) að ósk markaðsþátttakenda og greiningaraðila. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins lækkaði raunávöxtunarkrafa til 10 ára um 102 punkta og til 5 ára um 39 punkta en fór hækkandi í maí og júní. Frá og með miðjum júlí sl. til miðs októbers hefur raunávöxtunarkrafa til 10 ára lækkað um 38 punkta en til 5 ára um 64 punkta. Á fyrrihluta árs skiluðu vísitölur 10 ára verðtryggðra bréfa 6% ávöxtun og 5 ára verðtryggðra bréfa 8%. Báðar vísitölurnar héldu svo áfram að hækka fram á fjórða ársfjórðung þessa árs, eða um 5%. Á hinn bóginn hefur ávöxtunarkrafa óverðtryggðra vísitalna farið stöðugt hækkandi það sem af er árinu og hefur vaxtaferillinn hliðrast upp sem nemur 119 punktum að meðaltali. Vegna þessa hefur ávöxtun OMXI10YNI verið neikvæð um 5% en óverðtryggðar vísitölur til 3ja mánaða, 1 árs og 5 ára hafa þó verið jákvæðar og skilað 2,5%, 2% og 3% ávöxtun það sem af er árinu.

Meðalmánaðarvelta fyrstu sex mánaða 2011 var 202 ma.kr. samanborið við 203 ma.kr. meðaltal sömu mánaða 2010. Í lok júní 2011 var markaðsvirði allra skráðra skuldabréfa samanlagt 1.719 ma.kr. (109% af VLF).

Þann 30. september sl. veitti Fjármálaeftirlitið Íslandsbanka leyfi til útgáfu sértryggðra skuldabréfa. Á næstu 12 mánuðum er búist við skráningu fyrstu skuldabréfaútgáfa stóru bankanna síðan hrunið varð í lok árs 2008.


2.3 Lífeyrismarkaður og verðbréfasjóðir

Lífeyrissjóðir

Hrein eign lífeyrissjóðanna í árslok 2010 nam um 1.910 ma.kr. samanborið við 1.775 ma.kr. í árslok 2009. Aukningin á milli ára var því 7,6% sem samsvarar um 5% raunaukningu miðað við vísitölu neysluverðs. Eignir lífeyrissjóðanna í árslok 2010 sem hlutfall af landsframleiðslu voru 124% samanborið við 118% í árslok 2009. Eignir lífeyrissjóðanna að viðbættum öðrum lífeyrisparnaði nema 132% af vergri landsframleiðslu. Á mynd 6 má sjá hlutfall eignar lífeyriskerfisins í heild af landsframleiðslu á árunum 1999 til 2010.

Mynd 6


Eignir lífeyrissjóða og verg landsframleiðsla (VLF)



Iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðanna (samtrygging + séreign) fóru hækkandi allt frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna til ársins 2007 eins og sést á mynd 7 sem sýnir þróun iðgjalda- og lífeyrisgreiðslna frá árinu 1997. Iðgjaldagreiðslur hafa hins vegar lækkað undanfarin tvö ár, úr tæplega 146 milljörðum króna árið 2007 í 107 milljarða árið 2009 en eru 110 milljarðar árið 2010. Þó verður að hafa í huga að hinar háu inngreiðslur 2007 skýrast að hluta til af uppgjöri Reykjavíkurborgar vegna skuldbindinga til Lífeyrissjóðs stm. Reykjavíkurborgar. Greiðsla til sjóðsins nam um 24 milljörðum kr. Lífeyrir sem alltaf hefur verið vaxandi stærð, fellur í fyrsta skipti á árinu 2010, væntanlega þar sem útgreiðslur náðu hámarki 2009 vegna sérstakrar heimildar til útgreiðslu séreignarsparnaðar. Heimildin var einnig fyrir hendi á árinu 2010, en svo virðist sem að dregið hafi úr nýtingu heimildarinnar á því ári samanborið við árið á undan.

Mynd 7

Þróun iðgjalda- og lífeyrisgreiðslna árin 1997-2010




Ávöxtun

Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðanna hækkaði á milli ára og var 2,6% á árinu 2010 samanborið við 0,3% árið 2009. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðs er ávöxtun eigna leiðrétt fyrir vísitölu neysluverðs þegar kostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum. Þó ber að hafa í huga að lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og því mikilvægt að líta til langtímaávöxtunar sjóðanna þegar árangur þeirra er metinn. Eins og sjá má á mynd 8, sem sýnir þróun raunávöxtunar lífeyrissjóðanna allt frá árinu 2000, er tíu ára meðalraunávöxtun sjóðanna ennþá jákvæð þrátt fyrir litla eða neikvæða ávöxtun síðustu fjögur árin. Fimm ára meðalraunávöxtun er hins vegar neikvæð enda aðeins eitt ár í því meðaltali sem skilar góðri raunávöxtun.

Mynd 8


Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða árin 2000 til 2010



Eins og komið hefur fram var hrein raunávöxtun alls lífeyriskerfisins á árinu 2010 um 2,7%. Í þessu sambandi má benda á að lífeyrissjóðir setja sér 3,5% viðmið en það byggir á ákvæði reglugerðar um að við núvirkisreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda skuli nota 3,5% ávöxtunarkröfu umfram vísitölu neysluverðs.

Mynd 9

Uppsafnaður séreignarsparnaður (án lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignasjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997)



Viðbótartryggingarvernd og séreignarsparnaður

Lífeyrissjóðum, bönkum, sparisjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum er heimilt að veita viðtöku iðgjöldum til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarverndar umfram lögbundna lágmarkstryggingarvernd samkvæmt ákvæðum lífeyrissjóðalaga. Sparnaðurinn er séreignarsparnaður þar sem hann er séreign sem erfist að fullu við andlát rétthafa.

Með lögum nr. 171/2008 um breytingu á lögum nr. 129/1997, voru fjárfestingar vörsluaðila séreignarsparnaðar færðar undir eftirlit en fyrir þann tíma lutu einungis séreignardeildir lífeyrissjóðanna eftirliti. Lögin tóku gildi 1. janúar 2010 og kveða á um rýmri fjárfestingarheimildir fyrir þann hluta iðgjalda sem ráðstafað er til séreignarsparnaðar og viðbótartryggingarverndar.

Í árslok 2010 var uppsafnaður séreignarsparnaður hjá lífeyrissjóðum og öðrum vörsluaðilum 314,4 ma.kr. samanborið við 288,4 ma.kr. í árslok 2009. Sparnaðurinn óx því um 9% á milli ára. Á mynd 9 má sjá hlutfallslega skiptingu séreignarsparnaðar, í árslok 2005, 2007 og 2010, hjá vörsluaðilum öðrum en þeim sem störfuðu áður sem hreinir séreignarsjóðir. Uppsafnaður séreignarsparnaður hjá öðrum en lífeyrissjóðum, þ.e. bönkum, verðbréfafyrirtækjum sparisjóðum og líftryggingafélögum, var samtals 124 ma.kr. og skiptist á milli þeirra eins og myndin sýnir. Ef séreignarsparnaði í árslok 2010 hjá öðrum vörsluaðilum en lífeyrissjóðum, að fjárhæð 124 ma.kr., er bætt við hreina eign lífeyrissjóðanna sést að heildareignir lífeyriskerfisins námu 2.033 ma.kr. eða 132% af vergri landsframleiðslu, samanborið við 126% 2009.

Fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða

Í lífeyrissjóðalögnum er að finna ítarleg ákvæði um fjárfestingaheimildir lífeyrissjóða. Sjóðunum ber að móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Sjóðirnir þurfa því ekki síður að líta til áhættu samfara fjárfestingarkostum en væntinga um ávöxtun. Tegundir fjárfestinga sem sjóðunum eru heimilar eru allar tilgreindar í lögnum. Fjárfestingarnar eru allar helstu tegundir framseljanlegra verðbréfa, innlán og afleiður til varnar. Jafnframt eru sett takmörk varðandi einstakar tegundir fjárfestinga, einstaka útgefendur verðbréfa, erlend verðbréf og óskráð verðbréf sem almennt eru hlutfall af hreinni eign sjóðanna.

Fjárfestingaheimildir lífeyrissjóðalaganna fela í sér að gætt sé varkárni í fjárfestingum og að ávallt sé fyrir hendi skýr lagaheimild við ráðstöfun fjármuna sjóðanna. Löggjöfin var mótuð með hliðsjón af þeim ríku hagsmunum sem sjóðunum er ætlað að gæta sem er lögboðinn lífeyrissparnaður til lágmarksframfærslu eftir starfslok. Við ákvarðanatöku um fjárfestingar og fjárfestingaheimildir sjóðanna þarf að vera óvefengjanlegt að einvörðungu hagsmunir sjóðfélaganna séu hafðir að leiðarljósi. Ör þróun og vöxtur á fjármálamarkaði hefur í för með sér aukna samkeppni og sífellt fjölbreyttari fjárfestingakosti sem sjóðunum standa til boða. Framangreint hefur meðal annars kallað á túlkanir af hálfu Fjármálaeftirlitsins á því hvort fjárfestingar sem lífeyrissjóðirnir hafa ráðist í eða hafa áhuga fyrir samræmist fjárfestingaheimildum lífeyrissjóðalaga.

Ítarleg löggjöf kallar á að eðlileg þróun hennar eigi sér stað með hliðsjón af gefinni reynslu og breyttum kringumstæðum. Fjárfestingaheimildir séreignarsparnaðar lífeyrissjóðanna voru rýmkaðar þegar vörsluaðilar séreignarsparnaðar urðu eftirlitsskyldir og gilda nú sömu fjárfestingaheimildir fyrir allan séreignarsparnað. Séreignarsparnaður lífeyrissjóðanna og vörsluaðila er nú nefndur einu nafni, vörsluaðilar séreignarsparnaðar, og hefur auknu jafnræði því verið komið á hjá þeim aðilum sem taka við séreignarsparnaði.

Rýmkaðar fjárfestingaheimildir kalla á aukna ábyrgð en í því felst meðal annars að ríkari krafa er gerð um traust innra skipulag, einkum er lýtur að innra eftirliti og áhættustýringu, og fagmennsku og þekkingu sem lífeyrissjóðirnir þurfa að búa yfir. Þekking á fjárfestingarkostum og hæfni til að greina þá verður sífellt mikilvægari og hefur löggjafinn nú krafist þess að frá og með 1. janúar 2011 verði lífeyrissjóðir að hafa í þjónustu sinni starfsmann sem hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Þá má nefna að löggjöfin gerir nú ríkari kröfur til framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóðanna. Það hefur gerst í kjölfar mikilla breytinga á fjármálamarkaði síðastliðin ár. Stækkun lífeyrissjóðanna vegna sameininga og mikils vaxtar eigna sjóðanna mun gera fleiri sjóðum betur kleift að standa undir slíkum kröfum í framtíðinni.

Rekstrarfélög verðbréfasjóða, verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir

Rekstrarfélög verðbréfasjóða undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins voru, í lok júní 2011, átta talsins sem er sami fjöldi og árið áður.

Félögin starfrækja alls 53 verðbréfasjóði og sjóðsdeildir og 22 fjárfestingarsjóði og sjóðsdeildir. Heildareignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, í lok júní 2011, námu rúmum 295 milljörðum króna, þar af námu eignir verðbréfasjóða rúmum 251 milljarði króna og eignir fjárfestingarsjóða rúmum 44 milljörðum króna. Mynd 10 sýnir fjölda verðbréfa- og fjárfestingarsjóða hvers rekstrarfélags og eigna í þeirra stýringu.

Mynd 10

Þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða - m.v. 30. júní 2011


	Verðbréfasjóðir	Fjárfestingarsjóðir	Eignir í ma.kr.
Íslandssjóðir	10	2	118
Stefnir	11	12	103
Landsvaki	10	3	41
Rekstrarfélag verðbr. sj. ÍV hfl.	10	2	15
Rekstrarfélag Byrs hf.	5	1	2
GAM Management hf.	3	0	8
Júpíter rekstrarfélag hf.	4	2	8
Landsbréf	0	0	0
Alls	53	22	295

Þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða

Eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, samkvæmt lögum nr. 30/2003, um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði, jukust um 20% á milli áráanna 2010 og 2011. Lítur út fyrir að sú lækkun sem varð á eignum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á árunum 2008 og 2009 sé að einhverju leyti að ganga til baka. Á mynd 11 má sjá þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á árunum 2007-2011. Eins og sést minnkuðu eignir sjóðanna um 72% milli áráanna 2008 og 2009 í kjölfar falls bankanna í október 2008.

Mynd 11

Þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða - m.v. 30. júní 2011






Meirihluti eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða eru bundnar í skuldabréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins, eða 78% af heildareignum sjóðanna. Fjárfesting í hlutabréfum hefur aukist lítillega frá árinu 2010, en hlutfall hlutabréfa af heildareignum nam 4% m.v. 30. júní 2011, samanber 2% frá sama tíma árið áður. Á mynd 12 má sjá eignaskiptingu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða árin 2008 - 2011, m.v. 30. júní ár hvert.

Mynd 12

Eignasamsetning verðbréfa- og fjárfestingarsjóða m.v. 30. júní ár hvert



Eins og mynd 12 hér að ofan sýnir hefur fjárfesting í skuldabréfum útgefnum af eða með ábyrgð íslenska ríkisins aukist mjög mikið á síðustu þremur árum og þá helst á kostnað annarra skuldabréfa og innlána. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum hefur einnig aukist töluvert, en um mitt ár 2011 nam fjárfesting í hlutdeildarskírteinum um 8% af heildareignum, samanborið við 2% á sama tíma árið 2008.

2. 4 Vátryggingamarkaður

Miklar hræringar hafa átt sér stað á vátryggingamarkaði frá útgáfu síðustu ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins. Nýir eigendur eru að Sjóvá-Almennum tryggingum hf., forstjóraskipti hafa farið fram hjá Vátryggingafélags Íslands hf. í maí sl. og nú í september hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., félögin hafa þurft að hagræða í rekstri, undirbúa sig undir gildistöku nýrra laga og fleira mætti telja.

Fjöldi vátryggingafélaga er óbreyttur frá fyrra ári, þ.e. sjö skaðatryggingafélög og fimm líftryggingafélög. Fjögur líftryggingafélaganna eru annað hvort systur- eða dótturfélög skaðatryggingafélaganna og það fimmta er dótturfélag Arion banka hf. Viðlagatrygging Íslands er jafnframt undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins en það er lögbundin náttúruhamfaratrygging sem bætir beint tjón á tryggðum eignum af völdum eldgosa, jarðskjálfta og þess háttar. Á landinu eru starfandi sex vátryggingamiðlarar sem miðla mismunandi tegundum trygginga til innlendra og erlendra félaga.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. fékk á árinu 2009 fjárhagslega aðstoð frá ríkinu og var forðað frá yfirvofandi gjaldþroti. Söluferli félagsins hófs snemma árs 2010 og eftir að útboðsferli

lauk, var félagið selt nú í sumar hópi fjárfesta, bæði einkaaðilum og lífeyrissjóðum. Samkeppnisaðilar Sjóvárf telja að aðkoma ríkisins hafi haft áhrif á stöðu samkeppni á váttryggingamarkaði og hafa sent formlega kvörtun til EFTA Surveillance Authority (ESA). Enn á eftir að taka ákvörðun í málinu en þess er að vænta að úrskurður liggi fyrir síðar á þessu ári.

Ýmsir þættir í starfsemi Váttryggingafélags Íslands hf. á tímabilinu febrúar 2008 til febrúar 2010 voru teknir til athugunar hjá Fjármálaeftirlitinu. Athuguninni lauk með skýrslu þar sem fram komu athugasemdir við nokkra þætti í starfsemi félagsins og gerðar voru úrbótakröfur vegna þeirra. Niðurstaða úttektar var jafnframt sú að rétt væri að forstjóri félagsins viki sæti og lét hann af störfum í maí 2011.

Sambærileg úttekt var einnig framkvæmd hjá Tryggingamiðstöðinni hf. Athuguninni lauk með skýrslu þar sem fram komu athugasemdir við nokkra þætti í starfsemi félagsins og gerðar voru úrbótakröfur vegna þeirra. Þeim úrbótum er nú að mestu lokið.

Fjármálaeftirlitið vinnur að gildistöku Solvency II tilskipunarinnar sem hefur í för með sér að kröfur um gjaldþol taka í auknum mæli mið af öllum áhættuþáttum í rekstri váttryggingafélags auk þess sem ríkari kröfur verða gerðar til stjórnarháttá váttryggingafélaga. Til að undirbúa váttryggingafélögin undir kröfur tilskipunarinnar gaf Fjármálaeftirlitið í janúar síðastliðinn út leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2011 um áhættustýringu váttryggingafélaga. Markmið þeirra er að leiðbeina félögunum um bestu framkvæmd áhættustýringar og eru tilmælin tvíþætt. Annars vegar er fjallað um fyrirkomulag samhæðrar áhættustýringar og hins vegar um stýringu einstakra áhættuþátta. Tilmælin hafa orðið til þess að verklag váttryggingafélaga við áhættustýringu er í endurskoðun til að tryggja að kröfur sem gerðar eru í Solvency II verði uppfylltar.

Váttryggingasvið er aðili að erlendu samstarfi Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar á váttrygginga- og lífeyrismarkaði (European Insurance and Occupational Pension Authority / EIOPA) og tekur þátt í sérfræðinganefndum vegna innleiðingar Solvency II og nefndum um miðlun váttrygginga. Einnig tekur váttryggingasvið þátt í starfsemi IAIS (International Association of Insurance Supervisors) sem Fjármálaeftirlitið hefur verið aðili að frá stofnun 1994.

Íslensku váttryggingafélögin tóku þátt í fimmtu áhrifskönnun EIOPA, vegna Solvency II (QIS5) sem fram fór haustið 2010. Samkvæmt könnuninni eru váttryggingafélögin almennt vel undirbúin fjárhagslega til að standast kröfur Solvency II en þó ber að hafa í huga að staðan er mismunandi á milli einstakra félaga. QIS5 gaf einnig til kynna að váttryggingafélög þurfa að huga í tæka tíð að kröfum vegna stjórnarháttá, áhættustýringar og upplýsingagjafar, t.d. með úrbótum á upplýsingakerfum og þjálfun starfsfólks. Í kjölfar könnunarinnar hélt Fjármálaeftirlitið kynningarfundum með stjórnnum váttryggingafélaga vorið 2011 og var markmið þeirra að upplýsa um fyrirkomulag Solvency II og hvaða skyldur hið breytta lagaumhverfi hefur í för með sér.

Með nýjum lögum um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010 sem tóku gildi í júní 2010 var kveðið á um að stjórnir váttryggingafélaga skyldu samkvæmt 1. mgr. 54. gr. setja tiltekna innri reglur sem lúta að innra eftirliti, innri endurskoðun, fjárfestingarstarfsemi, lánveitingum og viðskiptum við tengda aðila, og senda Fjármálaeftirlitinu til staðfestingar. Váttryggingafélögin hafa öll sent nefndar reglur til Fjármálaeftirlitsins og er nú unnið að yfirferð þeirra og mótun afstöðu eftirlitsins og skilyrða þess að viðkomandi reglur hljóti staðfestingu.

Í byrjun sumars 2011 framkvæmdi EIOPA álagspróf á öllum váttryggingafélögum á Evrópska efnahagssvæðinu. Á hverjum markaði voru valin stærstu líftrygginga- og skaðatryggingafélög, félög með samtals yfir 50% markaðshlutdeild á hvorum markaði fyrir sig. Stærstu íslensku líf- og skaðatryggingafélögin tóku þátt í álagsprófinu og stóðust þau áföll sem prófað var fyrir.


Afkoma váttryggingafélaga á árinu 2010

Áhrif fjármálakreppunnar í október 2008 hafa sett mark sitt á starfsemi váttryggingafélaganna. Öll hafa þau verið að endurskipuleggja starfsemina með það að markmiði að draga úr kostnaði og auka hagnað. Góður árangur hefur náðst hjá nokkrum váttryggingafélaganna í því að lækka kostnað og auka arðsemi.

Starfsemi á váttryggingamarkaði skiptist í skaðatryggingafélög og líftryggingafélög. Rekstur skaðatryggingafélaga skiptist í váttryggingastarfsemi, sem er kjarnastarfsemi félaganna, auk fjárfestingastarfsemi er lýtur að því að ávaxta eignir sem standa að baki váttryggingaskuldbindingum. Hagnaður váttryggingafélaga af skaðatryggingastarfsemi tæplega þrefaldaðist á milli ára en hann nam 2,6 ma.kr. fyrir árið 2010 til samanburðar við 1,0 ma.kr. á árinu 2009. Hagnaður af líftryggingastarfsemi var óbreyttur á milli ára og hefur ekki tekið miklum breytingum á liðnum árum. Heildarhagnaður af váttryggingastarfsemi nam 4,1 ma.kr. fyrir árið 2010. Tap varð hins vegar af fjárfestingastarfsemi félaganna um tæpar 600 m.kr. og skýrist það helst af matsbreytingum á fjárfestingum sem samanlagt námu tæpum 2 ma.kr. á árinu.

Mynd 13

Hagnaður af skaðatryggingastarfsemi og líftryggingastarfsemi (á verðlagi ársins 2010)



Eignir skaðatryggingafélaganna hækkuðu um 5,7% á milli ára, námu samtals rúmlega 124 ma.kr. í árslok 2010, samanborið við tæplega 118 ma.kr. árið áður.

Eigið fé skaðatryggingafélaganna hækkaði um 8,5% á milli ára og er nú samtals 35 ma.kr. án viðlagatryggingar. Staða eigin fjár er misjöfn á milli félaga. Með gildistöku nýrra laga um váttryggingastarfsemi voru kröfur um lágmarksgjaldþol hækkaðar verulega og til samræmis við þær fjárhæðir í evrum sem gilda samkvæmt Evróputilskipunum. Lágmarksgjaldþol skaðatryggingafélaga má nú aldrei vera lægra en sem nemur 3,2 milljónum evra eða um 500 m.kr. m.v. núverandi gengi.

Eignir líftryggingafélaganna hækkuðu um 6,1% á milli ára. Þær námu samtals 14,3 ma.kr. í árslok 2010, samanborið við 13,5 ma.kr. í árslok 2009. Eigið fé líftryggingafélaganna var samtals 6,0 ma.kr. og hækkaði á árinu um 12,8%. Eins og hjá skaðatryggingafélögum má lágmarksgjaldþol líftryggingafélaga aldrei vera lægra en sem nemur um 500 m.kr. Íslensk endurtrygging hf. og Trygging hf. eru hætt töku nýtrygginga og því undanþegin þessu ákvæði.

Ekki eru gerðar fjárhagslegar kröfur til váttryggingamiðlara en þeir þurfa að geta staðið við skuldbindingar sínar. Heildarþóknun váttryggingamiðlara fyrir árið 2010 var 568 ma.kr. og heildarafkoma váttryggingamiðlara eftir skatt fyrir árið 2010 var 93 ma. kr.


Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar í árslok 2010

Miklar breytingar hafa orðið á eignasamsetningu félaganna, eða þeim eignum sem ætlað er að mæta váttryggingaskuldbindingum (oft nefnt bótasjóður), á undanförunum árum. Í stuttu máli hefur dregið verulega úr hlutabréfaeign félaganna og hlutdeildarskírteinum. Tækifærum félaganna til fjárfestinga eru hömlur settar, m.a. vegna gjaldeyrishafta og því hefur eign í ríkistryggðum skuldabréfum aukist verulega.

Stærstu einstöku eignir váttryggingafélaga til jöfnunar váttryggingaskuldar í árslok 2010 eru skráð verðbréf með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga, þ.e. opinberra aðila, en slíkar eignir nema tæplega 72% af váttryggingaskuldinni og innstæður í viðskiptabönkum og sparisjóðum en þær nema um 17% af váttryggingaskuldinni. Heimilt er að þessar eignir mæti allri váttryggingaskuld félags. Ljóst er að félögin hafa í ríkari mæli breytt eignasamsetningu sinni með því að selja íslensk hlutabréf úr eignasöfnum sínum og setja andvirði þeirra í skráð skuldabréf, ríkisskuldabréf og bankareikninga sem endurspeglar að miklu leyti ástandið á fjármálamörkuðum.


Mynd 14

Hlutföll eigna til jöfnunar váttryggingaskuldar árin 2007-2010



Breytt staða á fjármálamörkuðum endurspeglar jafnframt hjá neytendum en í úttekt Fjármálaeftirlitsins á uppsögnum á váttryggingarsamningum að frumkvæði váttryggingafélags, kemur í ljós að mikil fjölgun hefur orðið á þeim samningum sem váttryggingafélög fella niður vegna greiðsludráttar á iðgjöldum. Á tímabilinu 1. janúar 2007 – 1. desember 2010 hefur fjölgun á niðurfellingu váttrygginga af þessari ástæðu aukist ár frá ári.

Mynd 15 Fjöldi niðurfelldra váttryggingarsamninga vegna greiðsludráttar váttryggingataka



3. Horft fram á veginn

3.1 Innleiðing stefnu

Stjórn Fjármálaeftirlitsins lagði fram stefnu fyrir stofnunina á ársfundi fyrir tæpu ári. Þar var lögð áhersla á þrjár víddir eftirlits: efnislegt eftirlit, uppgötvandi og fyrirbyggjandi eftirlit og formsskilyrði.

Í efnislega eftirlitinu var falin eftirfylgni með *löghlýðni og heilbrigðum viðskiptaháttum*, sem er fyrsta stoð stefnunnar, virk beiting valdheimilda, þróun laga, aukin greiningarvinna og þemaskoðanir, upplýsingamiðlun og samskipti og beiting viðurlaga. *Sjálfstæð könnun og mat* á eftirlitsskyldum aðilum, sem er önnur stoð stefnunnar, er leið til að gera Fjármálaeftirlitið uppgötvandi og fyrirbyggjandi. Hún beinist að takmörkun áhættu, athugun á hæfi stjórnenda og stjórnarmanna og áherslu á heildarsýn (micro – macro). Þriðja stoð hinnar árgömlu stefnu er síðan *fagleg umræða og gagnsæi*. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að greiða fyrir upplýsingastreymi og málefnalegri umræðu um þróun á fjármálamörkuðum. Einnig er lögð áhersla á að stofnunin hafi frumkvæði að upplýsingamiðlun og greiningu og taki þátt í opinberri umræðu.

Mörg verkefni á árinu 2011 voru tengd stefnunni til að styðja hana og útfæra. Sérstök upplýsingastefna hefur verið unnin innan Fjármálaeftirlitsins til að styrkja upplýsingagjöf, efla hana og samræma. Í upplýsingastefnu sinni leggur Fjármálaeftirlitið meðal annars áherslu á samvinnu við eftirlitsskylda aðila og að miðla upplýsingum um mikilvæga þætti fjármálamarkaðarins til markhópa Fjármálaeftirlitsins. Þá leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á að gera hlutverk stofnunarinnar sýnilegt neytendum, eftirlitsskyldum aðilum og öðrum áhugasömum, að skýra frá aðgerðum Fjármálaeftirlitsins til að vernda notendur fjármálaþjónustu og miðla þekkingu um alþjóðlegt samstarf stofnunarinnar á sviði fjármálaeftirlits.

3.2 Framtíð og helstu markmið

Undanfarin þrjú ár hefur starfsemi Fjármálaeftirlitsins verið löguð að nýjum aðstæðum sem upp komu í kjölfar bankahrunsins og fyrir um ári síðan samþykkti stjórn stofnunarinnar metnaðarfulla stefnu sem kallar á aukinn mannauð og öflug upplýsingakerfi en segja má að eitt aðalmarkmið stofnunarinnar sé að vera uppgötvandi og fyrirbyggjandi.

Í yfirlýsingu íslenskra stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið semji aðgerðaáætlun til tveggja ára sem tryggi að stofnunin uppfylli megin skilyrði alþjóðlegu bankaeftirlitsnefndarinnar um skilvirkt fjármálaeftirlit (Basel Committee on Banking Supervision – Core Principles for Effective Banking Supervision). Fyrir liggur að Fjármálaeftirlitið þarf að bæta aðferðafræði sína við mat á áhættuþáttum í rekstri fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið hefur í tengslum við þetta verkefni meðal annars unnið að því að velja sér samstarfsland til að byggja upp áhættumatskerfi til frambúðar. Þeirri vinnu miðar vel.

Mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið hafi fullnægjandi lagahemildir til eftirlits, virk ákvæði til framfylgni ákvarðana og sjálfstæði gagnvart öðrum hagsmunum en þeim sem felast í sjálfu eftirlitinu. Fyrir liggur að verkefnum Fjármálaeftirlitsins mun fjölga á næstunni. Stofnuninni hefur verið falið eftirlit með slitastjórnnum og skilaneftindum fallinna fjármálafyrirtækja og enn fremur að hafa eftirlit með greiðslustofnunum. Þá verður verkefni er lýtur að umsjón með yfirferð útboðslýsinga flutt frá Kauphöll til Fjármálaeftirlitsins.

4 Eftirlitsskyldir aðilar

4.1 Fjöldi eftirlitsskyldra aðila 30.06. 2011

Þann 30. júní 2011 var fjöldi þeirra aðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins sem hér greinir:

	Fjöldi 30.06.2011*)	Starfa skv. lögum nr.:
Viðskiptabankar	6	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Sparisjóðir	10	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Lánafyrirtæki	8	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Innlánsdeildir samvinnufélaga	1	l. nr. 22/1991 um samvinnufélög
Verðbréfafyrirtæki	13	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Verðbréfamiðlanir	3	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	8	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Verðbréfasjóðir -53**)		l. nr. 30/2003 um verðbréfa-og fjárfestingarsjóði
Fjárfestingarsjóðir - 22**)		l. nr. 30/2003 um verðbréfa-og fjárfestingarsjóði
Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir	1	l. nr. 110/2007 um kauphallir
Verðbréfamiðstöðvar	1	l. nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa
Lífeyrissjóðir	33	l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
Vátryggingafélög	13	l. nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi
Vátryggingamiðlarar	6	l. nr. 32/2005 um miðlun vátrygginga
Aðilar með innheimtuleyfi	6	l. nr. 95/2008, innheimtulög.
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar	3	Ýmis lög
Samtals	112	

*) Í yfirlitinu eru ekki meðtalin fjármálafyrirtæki í slitameðferð þ.e. Glitnir banki hf. og Kaupþing banki hf. en starfsleyfi þeirra voru afturkölluð þann 19. júlí 2011. Þá er Landsbanki Íslands hf. ekki meðtalin en starfsleyfi bankans var afturkallað að hluta þann 15. september 2011 og er nú takmarkað við starfsemi sem er nauðsynleg vegna bústjórnar og ráðstöfunar hagsmuna þrotabús.

Starfsleyfi eftirtalinnna fjármálafyrirtækja í slitameðferð voru afturkölluð á fyrri hluta ársins 2011: Askar Capital hf.; Byr sparisjóður; Frjálsi fjárfestingarbankinn hf; Sparisjóðabanki Íslands hf.; Sparisjóðurinn í Keflavík; Sparisjóður Reykjavíkur og nágr. hf; VBS fjárfestingarbanki hf. Þá var Sparisjóður Mýrasýslu, sem áður hafði farið í gegnum nauðasamninga sameinaður Arion banka hf. undir lok árs 2010 og Avant hf. sem einnig hafði farið í gegnum nauðasamninga sameinað Landsbankanum hf. á árinu 2011.

**) Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir eru reknir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Sjóðirnir eru ekki meðtaldir í heildarfjölda eftirlitsskyldra aðila.

4.2 Starfsemi erlendra aðila á Íslandi

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda aðila/félaga sem á miðju árinu 2011 hafa heimild til að veita þjónustu hér á landi á grundvelli reglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu:

Erlendir bankar án starfsstöðvar	222
Verðbréfasjóðir (UCITS)	47 (367 deildir)
Verðbréfafyrirtæki/-miðlarar (Investment firms)	2113
Vátryggingafélög með starfsstöð	2
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	405
Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn	5158

5. Helstu upplýsingar úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins árið 2010

Hér eru sýndar helstu upplýsingar úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2010. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn Fjármálaeftirlitsins þann 31. maí 2011 og áritaður af Ríkisendurskoðun sama dag. Ársreikningurinn er birtur í heild á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins: www.fme.is.

Rekstrarreikningur árið 2010

Tekjur	2010	2009
Tekjur af eftirlitsgjaldi	1.143.217.311	777.588.000
Aðrar tekjur	124.788.106	13.803.467
	1.268.005.417	791.391.467
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	817.790.064	645.663.131
Úrskurðarnefndir	12.723.784	8.453.303
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	63.061.119	55.237.601
Ferða- og starfstengdur kostnaður	36.034.988	32.555.141
Aðkeypt sérfræðipjónusta	162.872.402	314.370.880
Rekstur tækja og áhalda	26.723.935	22.499.314
Annar rekstrarkostnaður	36.902.693	31.407.204
Húsnæðiskostnaður	66.437.068	62.288.290
Tilfærslur	147.275	131.900
	1.222.693.328	1.172.606.764
Eignakaup	10.582.375	7.688.147
	1.233.275.703	1.180.294.911
 Rekstrarafgangur / (halli)	 34.729.714	 (388.903.444)
 Fjármunatekjur	 19.383.860	 30.799.072
 Tekjuafgangur / (halli) fyrir ríkisframlag	 54.113.574	 (358.104.372)
 Ríkisframlag..... *)	 0	 18.500.000
 Tekjuafgangur / (tekjuhalli) ársins	 54.113.574	 (339.604.372)

*) Á árinu 2009 var veitt sérstakt 18,5 m.kr. framlag úr ríkissjóði til Fjármálaeftirlitsins tengt auknum kostnaði stofnunarinnar vegna ráðstafana á grundvelli laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

Eignir	2010	2009
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	0	14.180.002
Viðskiptakröfur	91.903.206	179.235.046
Aðrar skammtímakröfur	8.414.554	2.563.937
Handbært fé	184.401.897	125.059.329
	<u>284.719.657</u>	<u>321.038.314</u>
Eignir alls	<u>284.719.657</u>	<u>321.038.314</u>
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	188.739.387	528.343.759
Tekjuafgangur / (tekjuhalli) ársins	54.113.574	(339.604.372)
Eigið fé	<u>242.852.961</u>	<u>188.739.387</u>
Skammtímaskuldir		
Ríkissjóður.....	5.418.748	0
Skammtímaskuldir.....	35.488.877	129.844.643
Aðrar skammtímaskuldir	959.071	2.454.284
Skuldir	<u>41.866.696</u>	<u>132.298.927</u>
Eigið fé og skuldir	<u>284.719.657</u>	<u>321.038.314</u>



Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins 2011

Höfðatúni 2 / 105 Reykjavík / Sími: 520 3700 / Símbref: 520 3727 / Tölvupóstur: fme@fme.is / www.fme.is